

Ársskýrsla
AE starfsendurhæfingar



2018

Efnisyfirlit	
AE starfsendurhæfing/Hlutverkasetur	3
Grundvallarmarkmið	3
Stjórn félagsins	3
Starfsfólk	3
Nemar í vettvangsnámi og nemaverkefni	4
Hin ýmsu hlutverk/þættir starfseminnar	4
Markmið	4
Námskeið	5
Listnámskeið	5
Leiklist	2
LAN	2
Skák	3
Sjálfbóðaliðastarf	3
Virkni og samfélagsþátttaka utan Hlutverkaseturs	3
Leikhús og menningarferðir	3
Myndlistasýningar	3
Fótboltaverkefnið FC Sækó	4
Heimsóknir og vettvangsferðir í Hlutverkasetur	5
Árangursmat	6
Spurningarkönnun	6
Starfsdagur	8
Lokamat á námskeiðum í Mömmuleikni	9
Úttekt VMST á þjónustupáttum Hlutverkaseturs	9
Útrás atvinnupátttöku verkefni	10
Samningur við Reykjavíkurborg	10
Fræðsla, ráðgjöf og jafningjastuðningur	11
Verkefni um atvinnupátttöku og aðra samfélagsþátttöku	12
Úttektir	12
Samningur við Vinnumálastofnun	13
Samstarf við önnur úrræði og félagasamtök	15
Kynningarmál og fjölmiðlaumfjöllun	16
Nefndarstörf og þátttaka á málþingum og ráðstefnum	17
Endurmenntun	19
Þakkir stjórnar	19

AE starfsendurhæfing/Hlutverkasetur

Grundvallarmarkmið

Félagið AE starfsendurhæfing var stofnað 13. maí 2005. Meginmarkmið félagsins er að efla virkni fólks og auka lífsgæði þeirra sem misst hafa hlutverk í lífinu. Styðja fólk til þess að ná tökum á þeim á ný eða uppgötva ný hlutverk. Leiðir til að ná fram þessum markmiðum eru byggðar á hugmyndafræði MOHO, líkansins um iðju mannsins með áherslu á valdeflingu. Lögð er til þekking og reynsla notenda og fagfólks og unnið út frá jafningjagrunni. Samstarfið byggist á forsendum viðkomandi einstaklings, vilja og áhuga. Virkni er styrkt með ýmis konar iðju, s.s. verkefnavinnu, námskeiðapátttöku og sjálfböðastarfi. Þessi starfsemi fer að mestu fram í virknimiðstöðinni Hluverkasetri, sem er starfrækt af AE starfsendurhæfingu. Þar er að auki veittur stuðningur við atvinnuleit, aðlögun á vinnustað, auk eftirfylgni. Einnig er hægt að fá stuðning við að hefja nám á ný og eftirfylgd meðan á námi stendur.

Stjórn félagsins

Sæunn Stefánsdóttir er formaður stjórnar og Þórólfur Árnason er varaformaður. Aðrir í stjórn eru; Andri Árnason, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Þór Sigfússon og varamaður er Elín Ebba Ásmundsdóttir. Breytingar urðu á stjórn á árinu. Árni Gunnarsson lauk stjórnarsetu á ársfundi félagsins, eftir 13 ár í starfi. Árni hefur verið í stjórninni frá stofnun AE starfsendurhæfingar. Þór Sigfússon tók sæti í hans stað. Stjórnin fundaði fimm sinnum á árinu.

Starfsfólk

Árið 2018 störfuðu 13 starfsmenn í tæpum sjö stöðugildum í Hlutverkasetri. Fastráðnir starfsmenn eru Anna Henriksdóttir myndlistakennari, Bergþór G. Böðvarsson NsN starfsmaður og iðjuþjálfarnir; Andri Vilbergsson, Elín Ebba Ásmundsdóttir og Sylviane Lecoulte. Starfsfólk sem sinnti tímabundnum verkefnum og hlutastörfum voru Ágústa Ísleifsdóttir, Elísabeth Rún Þorsteinsdóttir, Guðmundur Arnar Sigurðsson, Halldór Bergur Sæmundsson, Heiðís Schell Traustadóttir, Kjell Þórir Seljeseth og María S. Gísladóttir.

Kristín Sigursveinsdóttir, iðjuþjálfari, sem hefur gengt starfi iðjuþjálfara í Hlutverkasetri frá 2009, lauk sínum störfum við Hlutverkasetur á árinu. Hún eignaðist stúlku og flutti til Selfoss. Helga Ólafsdóttir iðjuþjálfari, var ráðin í hennar stað en hún gegndi stöðu iðjuþjálfara í Hlutverkasetri fyrir nokkrum árum.

Nemar í vettvangsnámi og nemaverkefni

Hlutverkasetur hefur árum saman verið með iðjubjálfunema í starfsnámi enda áhersla lögð á samstarf á sem víðustum grunni í setrinu. Nemarnir hafa jafnt verið íslenskir sem og erlendir skiptinemar. Enda er Hlutverkasetur virknimiðstöð byggð á markmiðum iðjubjálfunar. Þar að auki leita nemendur í fötlunarfræðum og öðru framhaldsnámi á háskólastigi til Hlutverkaseturs til gagnaöflunar. Þekking og reynsla starfsfólks setursins og þeirra sem hafa notið endurhæfingar þar, hefur nýst jafnt í almenn námsverkefni sem og útskriftarverkefni. Einnig hafa nemendur af heilbrigðissviði Fjölbrautaskólinn Ármúla leitað upplýsinga til Hlutverkaseturs.

Eftirfarandi iðjubjálfanemar voru í vettvangsnámi í Hlutverkasetri 2018:

- Nanna M. Guðmundsdóttir, janúar – febrúar í 4. vettvangsnám, HA.
- Hildur Sverrisdóttir, ágúst - október í 3. vettvangsnámi HA.
- Freyja Gunnarsdóttir, október – nóvember í 2. vettvangsnámi HA.

Nemar sem leituðu til Hlutverkaseturs vegna verkefnavinnu árið 2018:

Elísabet Rún Þorsteinsdóttir, nemandi á lokaári í teiknadeild Myndlistaskólans í Reykjavík, teiknaði myndasögu um starfssemi Hlutverkaseturs sem var birt á netinu. Sögunni var síðar snúið á prentanlegt form. Hún var prentuð bæði með enskum og íslenskum texta og verður nýtt til kynningar á starfi setursins.

Sex nemar í hjúkrun og iðjubjálfun, við Heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri, tóku viðtöl í september við notendur setursins til að kanna samfélagslega gagnsemi starfseminnar.

Nemi í félagsráðgjöf við HÍ. tók viðtal við Elínu Ebbu, í tengslum við M.A. ritgerð í félagsráðgjöf. Markmiðið með rannsókninni var að leita eftir reynslu og upplifun félagslegra frumkvöðla og varpa ljósi á sameiginleg persónueinkenni.

Hin ýmsu hlutverk/þættir starfseminnar

Markmið

Markmið Hlutverkaseturs er að aðstoða þátttakendur að auka lífsgæði þeirra, komast út á almennan vinnumarkað sé þess kostur, hefja og/eða ljúka námi, eða finna sér vettvang í sjálfböðastörfum. Ríkur þáttur í starfinu er að efla félagsleg tengsl og rjúfa einsemd. Starfsemin byggir á því að efla trú einstaklinga á eigin áhrifamátt og getu. Að þátttakendur geri sér ljóst að sú iðja sem þeir taka sér fyrir hendur, fólkið sem það umgengst og umhverfisþættir hafi áhrif á heilsu og vellíðan þess.

Sérstaða Hlutverkaseturs er sú að öllum er velkomið að taka þátt og/eða hjálpa til og t.d. bjóða sjálfir upp á námskeið og fyrirlestra. Ekki er þörf á

tilvísun frá lækni eða stofnunum til þess að mega taka þátt í starfinu. Mæting er á forsendum hvers og eins, sem og tímalengd verunnar í Hlutverkasetri.

Námskeið

Námskeiðin voru 35 talsins árið 2018, samanborið við 33 árið áður.

Verktakar á árinu voru fimm og sjálfboðaliðar 19. Þátttaka í fjölbreyttri listsköpun skipar stóran sess í námskeiðaflórinni. Fjallað verður ítarlega um myndlistina og leiklistina hér að neðan.

Dæmi um námskeið:

- Á tali; hópumræða
- Leiklist/spuni
- zumba
- yoga-leikfimi
- fótbolti
- LAN, tölvusamspil
- slökun
- gönguhópur
- þrjóna- og hekluklúbbur
- sjósund
- skák
- súpueldhús
- tónlistarklúbbur
- fjölbreytt listnámskeið

Listnámskeið

Anna Henriksdóttir stýrir námskeiðunum í félagi við Svöfu Björgu Einarsdóttur og Maríu Gísladóttur. Að jafnaði sækja átta til 14 einstaklingar hvert námskeið í einu.

Starfið er brotið upp öðru hverju og haldnar Listvistarvikur sem fjalla alltaf um valið þema, listamenn, sköpunaraðferðir eða hugmynd. Reglubundin listanámskeið falla þá niður á meðan. Listvistarviku lýkur ávallt með samsýningu á þeim verkum sem unnin eru. Listvistin er líka auglýst hjá öðrum geðræktar-úrræðum á Stór-Reykjavíkursvæðinu og hafa notendur frá þeim nýtt sér tilboðin á seinustu árum.

Nýjungin í ár var námskeið í handbrúðugerð sem hófst reyndar haustið 2017. Námskeið í skuggabruðuleikhúsi var haldið í Listvistarvikunni 8. - 12. janúar. Námskeiðinu lauk með leiksýningu sem var tekin upp á myndband. Myndbandið var sýnt um miðjan janúar. Brúðuleiksýningin var frumsamin og sýnd í fjórum þáttum. Sýningin var endurflutt tvisvar og tókst vel. Brúðugerðin hélt áfram næstu þrjá mánuðina. Hugmyndin um Venus og túlkun á þeirri hugmynd hefur verið undirliggjandi þemaverkefni í öllum námskeiðum á haustönn 2018. Unnið var með klippimyndir og fjöltækni, vatnsliti og olíu.

Á haustmánuðum var tekið þátt á ný í *Inktober* sem er blekteikniáskorun sem fer fram á alnetinu árlega í október. Tekið var þátt í fyrsta sinn árið 2017 og áhugi var að mæta áskoruninni á ný, svo fleiri gætu tekið þátt.

Samsýning var á vatnslitaverkum sem höfðu orðið til á Listvistarviku haustsins. Seinna voru sýnd vatnslitaverk sem sköpuð voru í sérstökum vatnslitamánuði í nóvember. Boðið var upp á hádegistíma í vatnslitum allan nóvembermánuð og þátttakendur gátu tekið þátt í daglegri áskorun í aðferð eða meðferð vatnslita.

Listsýning í samvinnu við *List án landamæra* var haldin í Hlutverkasetri í maí. Þátttakendur hafa árlega verið með í þessum viðburði seinasta áratugin. Sýningin bar nafnið; *Okkar eigin Venus*. Fjórir listamenn tóku þátt og sýnd voru alls 66 myndverk sem voru frekari afrakstur Venusarverkefnisins.

Tvær einkasýningar voru haldnar í Hlutverkasetri. Um miðjan september opnaði María Gísladóttir sýninguna; *Svarthöfði með snúningi* (Darth Vader with a Twist). Myndefni Maríu voru Star Wars persónur í bland við teiknimyndasöguhetjur og kvikmyndir sprotnar úr sagnaheimi teiknimyndablaða fjórða og sjötta áratugar seinustu aldar. Sýning Maríu kallaðist á við sagnaheim furðuveralda sem ráðstefnan; *Midgard 2018* fjallaði um í Laugardalshöllinni. Önnur einkasýning tók við og sýnd voru fjölbreytt og áhugaverð klippimyndverk eftir Önnu Grétu Jónsdóttur. Sýningunni lauk í byrjun desember.

Leiklist

Bergþór G. Böðvarsson og María Lovísa Sigvaldadóttir sáu um leikstjórn leiklistarhópsins í ár. Virkir meðlimir eru að jafnaði átta manns en álíka margir mæta óreglulega eða leggja lið þegar mikið liggur við í tengslum við leikbúningagerð, textagerð og tónlistarflutning. Hópurinn hittist einu sinni í viku í Hlutverkasetri í tvo til fjóra tíma í senn. Þegar leið að sýningum hittist hópurinn daglega síðustu tvær vikur fyrir sýningu. Leiksýningar: Leikhópurinn var með leiksýningu á aðalfundi Hlutverkaseturs í apríl og í Hinu húsinu í maí í tengslum við *List án landamæra*. Leikverkið bar nafnið „*Stressandi leikur, ekki er allt sem sýnist*“ og var byggt á tveimur ljóðum sem Bergþór samdi þegar hann var að glíma við geðveiki. Söguviðið var fjölskylda sem var að takast á við óhlutbundnar raddir, stress og fordóma. Einnig var frumsamið verk flutt á jólaskemmtun Hlutverkaseturs og nefnist það „*Jólaandinn og jólafjandinn fjölga sér*“.

LAN

LAN er tölvuleikur í rauntíma leikinn með samtengdum tölvum. Ekki var fastur starfsmaður í ár til að sjá um LAN-ið. Íbúar frá Bríetartúni, Laugarási og Batamiðstöðinni nýttu sér tilboð um samspil í Hlutverkasetri en mættu óreglulega. Yfir sumarið tók einn starfsmaður Bríetartúns að sér að koma með íbúa þegar hann var á vakt sem tókst vel. Á haustmánuðum var einnig haldið LAN.

Skák

Tveir gestir frá Vin mættu einu sinni í viku og kenndu skáklistina í tafklúbbnum, sem hluta af samstarfi á milli Vinjar og Hlutverkaseturs. Mættu fjórir til sjö reglulega. Flestir sem mæta í tafklúbbinn búa í íbúakjörnunum á vegum Reykjavíkurborgar. Á vegum taffélagsins Hróksins, hafa verið haldin nokkur skákmót á árinu sem þátttakendur Hlutverkaseturs hafa tekið þátt í.

Sjálfbóðaliðastarf

Hluti af starfsemi Hlutverkaseturs hefur verið í höndum sjálfbóðaliða. Hluti af þeim koma úr röðum þátttakanda sem eru að nýta þekkingu sína sér og öðrum til gagns og ánægju. Einnig koma sjálfbóðaliðar úr samfélaginu sem vilja láta gott af sér leiða og miðla af menntun og þekkingu sinni þátttakendum að kostnaðarlausu. Sjálfsprottin virkni er mikilvæg og eykur fjölbreytni og skapar einstaka menningu í daglegu lífi setursins. Vegna þeirra hafa þátttakendur getað mátað sig í nýjum hlutverkum og reynt ný áhugamál. Dæmi um sjálfbóðaliðastarf er: súpueldhús, handavinnuhorn, jóga, söngstund, dáleiðsla, spuni og ýmiss spil.

Virgni og samfélagsþátttaka utan Hlutverkaseturs

Leikhús og menningarferðir

Nokkrir íbúar frá íbúakjörnum sem mæta ekki reglulega í Hlutverkasetur eru samt sem áður Leikhúsvinir. Það þýðir að ef Hlutverkasetri eru boðnir miðar í leikhús þá er einnig haft samband við þá.

- Farið var í Borgarleikhúsið tvisvar: *Allt sem er frábært* í september (40 manns) og *Dúkkuheimilið 2*. hluti (25 manns).
- Hópur fór í bíó á *Mamma mía: Here we go again* (10 manns).
- Farið var á fjóra tónleika á Kjarvalsstöðum úr tónleikaröðinni *Töframáttur tónlistar*, sem Gunnar Kvaran hélt utan um.
- Tekið var þátt í fjöldadansi *Dansað gegn ofbeldi* sem er haldið árlega í Hörpu.
- Farið var í sumarbústaðaferð þar sem 19 manns gistu í þrjár nætur. Farið var í gönguferðir og sund á hverjum degi.
- Hlutverkasetur bauð gestum og gangandi upp á ókeypis faðmlag og knús á Menningarnótt, líkt og undanfarin ár.
- Sjósund er stundað vikulega allan ársins hring á Ylströnd Reykjavíkur.
- Fótboltaverkefni FC Sækó (sjá nánar að neðan)

Myndlistasýningar

Í júní tóku Anna Henriksdóttir og María Gísladóttir þátt í alþjóðlegu ljósmyndaverkefni sem fjallaði um ofbeldi gagnvart konum. Þær voru hluti

af tólf kvenna hópi sem útbjuggu hvert sitt listaverk með um 40 ljósmyndum hver, sem þær tengdu sögu eða texta. Þetta verkefni á að verða hluti af stærra listaverki sem verður flutt og sýnt á alþjóðlegri ráðstefnu, árið 2020. Þær voru síðan valdar í ágúst til að sýna verkin í Rovaniemi, Finnlandi í september og október, 2018.

Vídeóverk: Guðmundur Á. Sigurðsson sýndi rafræna myndafrásögn (Digital story) *Bræðralag í bardaga* um atvinnumannadrauminn og félagskapinn í Mídas. Myndin var tekin upp í framhaldi af vinnustofu sem hann og tveir aðrir úr Hlutverkasetri fóru á, í Slóveníu, árið 2016.

Fótboltaverkefnið FC Sækó

Geðveikur fótbolti hefur fest sig í sessi og er afrakstur af einni NsN úttæktinni, þar sem áherslan var að finna út hvaða iðju starfsmenn íbúakjarnanna hefðu áhuga á. Verkefnið hófst árið 2011 og er samvinnuverkefni á milli Hlutverkaseturs, Velferðarsviðs Reykjavíkur og Geðsviðs LSH. FC Sækó hefur verið sjálfstætt skráð fótboltafélag frá árinu 2015. Félagið er jafnt fyrir konur sem karla sem glíma við geðræðna erfiðleika. Æfingar hafa verið tvisvar í viku, alls 125 talsins á árinu. Fimmtán til þrjátíu manns hafa mætt að jafnaði á æfingar.

Heimasíða FC Sækó <http://fcsaeko.is/> var opnuð og var það mikilvægt skref til að ná til fleirri sem gætu haft áhuga á að taka þátt í starfseminni.

Söfnun var sett af stað fyrir Noregsferð, áritaðar landliðstreyjur og settur leikur inn á Facebook. Fjáröflunarleikurinn í Egilshöllinni var í apríl, 20 liðsmenn FC Sækó tóku þátt ásamt lánsmönnum. Sýnt var frá leiknum í fréttum sjónvarpsstöðvanna RÚV og Stöðvar 2. Einnig voru tekin viðtöl fyrir og eftir leikinn. Vikuna 13. – 18. maí fóru 25 liðsmenn FC Sækó, sex konur og 19 karlar í keppnis- og kynnisferð til Bergen í Noregi. Tveir starfsmenn frá Hlutverkasetri fóru með. Í Bergen er sambærilegt fótboltalið starfandi. Spilaðir voru tveir leikir og æft á æfingasvæði þeirra. Stuttu eftir heimkomuna frá Noregi var Sækóliðum boðið í heimsókn til Forseta Íslands á Bessastaði (20).

Í lok maí var haldið innanhúsmót í Valsheimilinu. Þangað mættu 8 lið, alls um 80 manns. Knattspyrnumótið *Geðveikur fótbolti* var á Kleppi um miðjan ágúst. Alls mættu átta lið til leiks, átta liðsmenn í hverju liði og margt stuðningsmanna. Fótboltalið frá búsetukjörnum á Akureyri mættu líka.

FC Sækó fékk tilnefningu frá UEFA, sem besta grasrótarfélagið. Af því tilefni komu aðilar frá þeim til landsins, í þrjú skipti til að taka upp æfingar og viðtöl við liðsmenn sem og aðra tengda verkefninu. Alls voru tekin viðtöl við átta aðila á vegum FC Sækó verkefnisins.

Svo fór að UEFA valdi FC Sækó sem „Besta grasrótarverkefnið“ árið 2018. Það voru yfir 100 grasrótarverkefni um alla Evrópu sem voru í úrvalinu. Bergþór G. Böðvarsson ásamt starfsmanni KSÍ fóru til að taka á móti verðlaununum til Genf í Sviss. Í tilkynningu UEFA segir; að FC Sækó gegni mikilvægu samfélagslegu hlutverki á Íslandi með því að bæta andlega og líkamlega heilsu fólks. Þetta geri félagið með því að gefa fólki tækifæri til að hitta aðra, spila knattspyrnu og það sem er mikilvægast, skemmta sér við það að deila gleðinni sem hinn fallegi leikur framkallar. FC Sækó liðum var boðið í heimsókn í höfuðstöðvar KSÍ til að horfa á heimildarmyndbandið, sem UEFA lét gera. Myndbandið var sett á heimasíðu UEFA, KSÍ og sent til helstu fjölmiðla. Borgarstjóri bauð síðan FC Sækó-liðum, samstarfsaðilum og velunnurum í Höfða, þar sem viðurkenningunni var fagnað.

Í lok september tók FC Sækó þátt í knattspyrnumóti *Special Olympics*, sem haldið var í tilefni Íþróttavíku Evrópu ÍSÍ. Þar mættu tólf manns en alls voru sex lið á mótinu eða um 50 manns alls sem tóku þátt.

Heimsóknir og vettvangsferðir í Hlutverkasetur

Á árinu komu fjölmargir starfsmannahópar og einstaklingar til að kynna sér starfsemina í faglegu tilliti eða til að koma á samvinnu á milli sín og Hlutverkaseturs.

- Í febrúar kom 15 manna hópur frá Háskólanum á Akureyri, heilbrigðisvæðingum í vísindaferð til Reykjavíkur.
- Í mars komu nemandi í félagsráðgjöf Háskóla Íslands og skjólstæðingar þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis sem höfðu verið lengi á fjárhagsaðstoð.
- Í apríl komu 13 starfsmenn frá þjónustumiðstöð Árbæjar í kynningu og 20 manna hópur félagsliðanema frá Finnlandi sem fékk að upplifa öskurjoga.
- Í júní kom Hjálparstofnun Kirkjunnar með hóp, hópur frá Baugakór sem er þjónustukjarni í Kópavogi og þrjár sálfræðingar frá Rúmeníu.
- Í ágúst kom tíu manna hópur embættismanna geðheilbrigðisúræðum í Árhús í Danmörku. Þeir kynntu sér einnig starf FC Sækós, töluðu við nokkra liðsmenn og tveir þeirra spiluðu á fótboltamóti. Félagsráðgjafar starfandi í Janus komu einnig sem og Birtig Langeder frá Austuríska lýðháskólasambandinu sem vildi kynna sér Hlutverkasetur sem *Second change* úrræði. Roar Bakken kom frá St Olavs hospital, Klinik for rus- og avhengighetsmedisin og var með sérstakan áhuga á *nettverksmöter*.
- Í september komu 18 starfsmenn frá Borås sveitarfélaginu í vesturhluta mið-Svíþjóðar. Tíu manna hópur kom á þeirra vegum sl. vetur

og var í atvinnulegri endurhæfingu hér á landi. Þátttakendur í Hlutverkasetri fengu það hlutverk að kenna Svíunum smá íslensku og sýna þeim nærumhverfið. Skapaðist skemmtileg stemming fyrir tungumálakennslunni ásamt því að kynna ungu fólki í svipuðum sporum frá Svíþjóð. Í sama mánuði komu fulltrúar frá Umboðsmanni skuldara í heimsókn og fræddu um sitt hlutverk svo auðveldara væri að beina fólki í þeirra þjónustu. Félagsliðanemar frá Borgarholtsskóla komu í kynningu á starfsemi Hlutverkasetur.

- Í október kom hópur starfsfólks frá þjónustumiðstöð Breiðholts og 30 iðjubjálfar á vegum ÍPÍ, Iðjubjálfafélags Íslands komu í vísindaferð til að kynna sér virkniúrræðin sem Hlutverkasetur hefur upp á að bjóða.
- Í nóvember komu starfsmenn sem eru samræmingaraðilar þjónustumiðstöðva fyrir fólk með skerta starfsgetu, frá Uppsala, Svíþjóð. Einnig komu í heimsókn, tengiliðir frá Berginu, sem er nýtt úrræði í mótun fyrir ungt fólk í vanda.
- Þátttakendur Heilsuorkunnar sem er virkni námskeið á vegum Reykjavíkurborgar kom í desember sem og starfsmenn Geðheilsumiðstöðvar Vestur.

Árangursmat

Úttektir og mat á árangri Hlutverkaseturs eru starfseminni afar mikilvæg. Iðjubjálfanemar í starfsnámi frá heilbrigðisvísindasviði HA. og erlendir skiptinemar, hafa lagt árangursmat fyrir notendur Hlutverkaseturs sem hluta af sínu starfsnámi. Matsaðferðir hafa verið fjölbreyttar, s.s. viðtöl, spurningalistar o.fl. Úrvinnsluaðferðir eru ýmist eigindlegar eða megindlegar. Í ár voru helstu niðurstöður spurningarlista metinn, samantekt frá umræðum á starfsdegi og lokamat frá þátttakendum í Mömmuleikninámskeiðunum. Einnig lét VMST gera úttekt á úrræðum, sem þeir eru með þjónustusamninga við.

Spurningarkönnun

Þrír notendur með framhaldsnám að baki, buðu fram krafta sína við gerð spurningalista. Spurningalistinn var bæði á íslensku og ensku. Þessir notendur byrjuðu að leggja listann fyrir í apríl og í september tók Hildur Sverrisdóttir iðjubjálfanemi við. Hún lagði listann fyrir fleiri notendur Hlutverkaseturs og tók saman helstu niðurstöður. Markmiðið var að afla upplýsinga frá þátttakendum um reynslu þeirra af þjónustu Hlutverkaseturs og þeirri iðju sem í boði er. Einnig voru þeir inntir eftir hvort þeir vildu breytingar á starfseminni og ef svo væru, hverjar þær ættu að vera. Þátttakendur könnunarinnar voru 50 talsins, 22 karlar og 28 konur, 18 ára og eldri. Helstu niðurstöður varðandi þjónustuna voru að notendur vilja fá fleira fagfólk inn í starfseminu s.s. sálfræðing og

félagsráðgjafa. Meirihluti þátttakenda sögðust myndu vilja nýta sér þjónustu frá þessu fagfólki.

Þátttakendur voru spurðir um hvers konar aðstoð þeir vildu þá fá frá sálfræðingi/félagsráðgjafa:

- *Vinna úr óleystum vandamálum*
- *Vinna með kvíða, þunglyndi og félagsfælni*
- *Hugræna atferlismeðferð*
- *Aðstoð við að auka félagsleg tengsl*
- *Fá fleiri verkfæri til að takast á við geð- og tilfinninga ójafnvægi*
- *Auka tilfinningagreind*

Það voru 54% (27) sem sögðust myndu nýta sér skipulagða hópavinnu í sambandi við HAM, 12 spora kerfið og/eða núvitund. Rúmlega helmingur þátttakanda 64% (32) vildu fá heita máltíð í hádeginu endurgjaldslaust eða gegn vægu gjaldi. Það voru 16% (8) sem vildu hafa opið um helgar og 24% (12) lengri opnunartíma á virkum dögum. Tæpur helmingur 46% (23) fannst úrræðin sem er í boði passleg, 26% (13) vildu innlit heima eða samræður þar.

Boðið var upp á að skrifa hvers konar aðstoð menn óskuðu sér utan Hlutverkaseturs:

- *Spjall um líðan ef ég hef ekki getað mætt lengi.*
- *Já, kaffihitting til að venjast að fara út með vinum.*

Niðurstöður úr könnuninni sem lúta að iðju og námskeiðum sem voru í boði í Hlutverkasetri sýndu að 80%(40) þátttakenda könnunarinnar tóku þátt í iðju og 20% (10) tóku ekki þátt í skipulagðri iðju. Athugað var hversu oft í viku þátttakendur sóttu Hlutverkasetrið og sýndu niðurstöður að um helmingurinn 52% (26) var að mæta 1-2 sinnum í viku og 28% (14) þátttakendur komu þrisvar eða oftar. Af þeim sem ekki tóku þátt í iðju sögðust 16% (8) að þeir tækju ekki þátt vegna félagsfælni og kvíða. Þegar spurt er út í ánægju með iðju sem þegar var í boði voru 80% (40) þátttakendur ánægðir, 12% (6) óánægðir eða vildu breyta til.

Til að kanna hvers konar iðju þeir vildu sjá gátu þeir valið á milli atvinnumála, sjálfstyrkingu, mannréttindum, áhugamálum eða „annað“. Flestir völdu þá iðju sem tengist sjálfsstyrkingu eða eigin áhugamálum.

Annmarkar voru á könnuninni eins og uppsetning spurninga, samræmi milli tungumála og þekking þeirra sem sömdu hana á eðli og starfsemi Hlutverkaseturs. Þrátt fyrir það gefur hún vísbendingar sem bæði nýtast í daglegu starfi og í samstarfi við stjórnvöld og aðrar stofnanir. Til dæmis mikilvægi þess að starfsfólk sé með góða yfirsýn yfir hvaða úrræði eru í boði og að sköpuð sé umræða um þau. Einnig eru stjórnvöld og notendur samstíga að vilja aukna samvinnu og samfellu á milli ólíkra úrræða og stofnana á mismunandi stjórnkerfisstigum. Má þar

nefna að á síðasta ári var tekið stórt skref í átt að bættri geðheilbrigðisþjónustu með opnun tveggja nýrra geðheilsustöðva innan Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins. Stefna þessarar tveggja stöðva er m.a. að veita þverfaglega aðstoð, eftirfylgd og að samþætta ýmis úrræði og aðgengi að þeim. Er það von starfsfólks Hlutverkaseturs að þessar stöðvar muni sinna þörf notenda um þverfaglega nálgun sem kom fram í könnuninni.

Starfsdagur

Sú hefð hefur skapast að hafa starfsdag einu sinni á ári þar sem teknir eru fyrir ákveðnir þættir í starfseminni. Árlegur starfsdagur var haldinn þann 22. nóvember. Á milli 50 – 60 manns tóku þátt, hluta úr degi eða allan daginn. Fyrri hluta dags stungu þátttakendur upp á efni sem þeir vildu fjalla nánar um. Trausti Ólafsson kom seinni hluta dags og stýrði umræðum. Niðurstöður og samantekt í lok funda voru með ólíkum nálgunum, með og án orða.

Freyja Gunnarsdóttir iðjuþjálfanemi, dró saman helstu niðurstöður starfsdagsins. Helstu niðurstöður voru þær að Hlutverkasetur hefur mjög ólíka þýðingu fyrir notendur. Margir bera sterkar tilfinningar til staðarins. Sumir líkja honum við heimili eða fjölskyldu. Öðrum finnst gott að geta komið fram eins og þeir eru klæddir. Hljóga, vinátta, stuðningur og að rjúfa einangrun voru orð sem komu oft upp. Fyrirkomulagið, utanumhaldið og starfsfólkið hefur haft jákvæð áhrif á bata margra. Lykilorð starfseminnar er samstaða og virkni. Þátttakendum fannst þeir væru hluti af heild og tekið væri tillit til þeirra. Þeir fundu fyrir hvatningu og viðurkenningu. Sumir töldu að Hlutverkaseturs yrði ekki þörf ef þeir mættu svipuðum viðhorfum um félagslegt samþykki út í samfélaginu og/eða hjá fjölskyldunni. Þátttakendur voru sammála um að erfitt væri að aðstoða þá, sem haldnir væru fordómum í eigin garð vegna veikinda sinna og/eða vegna þess að þeir falla ekki inn vinnustaðamenningu Íslendinga. Slíkt fólk kæmi í kynningu en skilaðisér ekki endilega aftur. Margir könnuðust við að hafa sjálfir verið í þessum sporum.

Bent var á mikilvægi iðjuþjálfara í fyrstu tenginu við staðinn. Rætt var um það hvert hlutverk iðjuþjálfara væri á staðnum. Niðurstaðan var að vinna þeirra sé oftast ósýnileg en engu að síður mikilvæg.

Sumir búa við þannig aðstæður að það er engin sem skiptir sér af þeim eða þeir eru einstæðingar. Margir höfðu fests í sjúklingshlutverkinu, verið óvirkir lengi og/eða átt erfitt félagslega. Þeir þyrftu meiri aðstoð á námskeiðunum við félagsfærni hlutann og eins við að spjalla sín á milli.

Beinar tilvitnanir í ummæli þátttakenda:

- *Það er gott að geta komið og farið eftir hvernig líðanin er.*
- *Jákvætt að vera ekki skuldbundinn, til að mæta alltaf í námskeiðin.*

- *Það þarf ekki að passa inn hér, allir passa einhvern veginn inn.*
- *Jákvætt, hvað það eru fjölbreytileg námskeið í boði.*

Þátttakendum fannst miður að leigusalar séu ekki tilbúnir að viðhalda húsnæðinu betur og laga það sem bilar, eins og t.d. lyftu fyrir fatlaða í húsinu. Ekki er vitað um framtíð hússins en til hefur staðið að rífa það í nokkur ár. Þörf er á að leita að nýju húsnæði í nánustu framtíð. Vonandi verður það hentugra með betra aðgengi og liggur vel við almenningssamgöngum.

Lokamat á námskeiðum í Mömmuleikni

Helga Magnea Þorbjarnardóttir, iðjuþjálfari bað þátttakendur um að svara spurningum í lok beggja námskeiðana. Allar mæðurnar voru ánægðar með námskeiðið og þær kunnu sérstaklega að meta einstaklingsviðtölin og eftirfylgnina. Varðandi uppfyllingu markmiða námskeiðsins, að mæður fái fræðslu og hvatningu til að tileinka sér tengslanálgandi hugarfar í samskiptum við börn sín, svöruðu allar frekar vel eða mjög vel. Þær svöruðu einnig allar frekar vel eða mjög vel að mæður fengu fræðslu og innsýn í hvað getur legið að baki hegðun barnanna. Öllum mæðrunum fannst að þær fengu gagnleg ráð til að nýta sér í samskiptum við börn sín. Eftirfarandi eru beinar tilvitnanir:

Hvernig finnst þér Mömmuleiknin hafa gagnast fyrir þig og barn þitt/börn þín? *Frábærlega, rólegri samskipti; Mjög vel, ég finn mun á börnunum mínum, þær sækja meira til mín en áður.*

Hvað mætti vera öðruvísi á Mömmuleikninni? *Ekkert; Hef enga skoðun, nema námskeiðið mætti standa yfir lengri tíma.*

Hvernig hefur námskeiðið staðist væntingar: *Það hefur staðist og farið lengra en væntingar mínar; Betra en ég gæti vonað.*

Kostir og gallar? *Tímasetning var aðeins óheppileg; Mætti alveg vera fleiri tímar; Fullkomið í alla staði; Erfitt að fá bílastæði.*

Var eitthvað sem kom á óvart? *Já, hvernig ég get talað á annan hátt við barnið mitt, sett mörk öðruvísi en að segja nei.*

Hvað ég lærði ég? *Mjög gott að koma í annað sinn og það var ekki nákvæmlega eins og síðast; Hvað aðferðirnar virka vel.*

Annað? *Takk fyrir þessa yndislegu tíma; Mjög ánægð með námskeiðið, vonandi heldur það áfram.*

Úttekt VMST á þjónustupáttum Hlutverkaseturs

Úttekt VMST fólst í m.a. að leggja mat á árangur og ávinning af þjónustu Hlutverkaseturs við þá skjólstæðinga sem VMST vísar til Hlutverkaseturs.

Í skýrslunni var leitað álits hjá fagfólki, starfsendurhæfingu og félagsþjónustu; s.s. geðlæknum, geðhjúkrunarfræðingum, iðjuþjálfum og heimililæknum. Allir aðspurðir sem rætt var við, töldu sig hafa átt gott samstarf við Hlutverkasetur. Starfsemi af þessu tagi væri mjög

mikilvægur hlekkur í þjónustu við fólk með geðræn vandamál. Starfsemi Hlutverkaseturs henti þeim sem þurfa mikinn félagslegan stuðning og hvatningu. Allir tilvísunaraðilar töldu þjónustuna standa undir væntingum. Helstu ástæður tilvísana voru:

- Að kappkosta að rjúfa eða koma í veg fyrir félagslega einangrun.
- Auka félagslega færni og samskipti.
- Að skapa tækifæri til frekari virkni s.s. með atvinnuþátttöku, þátttöku í námskeiðum og valdeflingu.

Útrás atvinnuþátttöku verkefni

Verkefnið stefnir að því að auka þátttöku þeirra sem eiga erfitt uppdráttar á vinnumarkaði s.s. fólks með geðraskanir. Andri Vilbergsson og Sylviane Lecoultré, iðjuþjálfar starfa við verkefnið. *Útrás* aðstoðar einstaklinga við að undirbúa sig, þjálfar og fylgja viðkomandi eftir inn á nýja vinnustaðnum ásamt ráðgjöf til handa væntanlegu samstarfsfólki.

Markhópur *Útrásar* eru einstaklingar sem lokið hafa hefðbundinni starfsendurhæfingu, en ekki náð að skila sér út á vinnumarkaðinn í framhaldinu. Hluti af hópnum hefur þegar verið úrskurðaðir óvinnufær, en hefur löngun til að vinna, þó það væru aðeins nokkrir tímar á dag eða í tímabundnu starfi.

Tölur í svigum eru tölur frá árinu 2017, til viðmiðunar. Frá áramótum hafa 45 (46) einstaklingar leitað til *Útrásar* og fengið ráðgjöf og handleiðslu til að komast aftur út á vinnumarkaðinn. Tuttugu þeirra (24) eru í vinnu og fá eftirfylgd, níu (6) veiktust, enginn fór í önnur úrræði (6). Þrír (10) eru nú í virkri atvinnuleit og 13 eru í undirbúningsferli fyrir atvinnuleit. Tveir einstaklingar bættust við á árinu við þá 11 einstaklinga með notendareynslu sem hafa fengið vinnu tímabundið í 20-40% hlutastörfum í Hlutverkasetri.

Samningur við Reykjavíkurborg

Reykjavíkurborg samdi við Hlutverkasetur til þriggja ára, frá 2016 - 2018.

Verkefni 1: Fræðsla, ráðgjöf og jafningjastuðningur fyrir einstaklinga.

Verkefni 2: Verkefni um atvinnuþátttöku og aðra samfélagsþátttöku.

Verkefni 3: NsN Úttektir í búsetukjörnum sem Reykjavíkurborg rekur fyrir einstaklinga með geðfatlanir.

Til nánari skýringar á textanum þá eiga tölur utan sviga, við árið 2018 og tölur í svigum eiga við árið 2017. Á árinu 2018 voru 49 (58) einstaklingar skráðir á vegum Reykjavíkurborgar. Um var að ræða 41 (32) karl og átta (14) konur, þar af voru 29 (21) Íslendingar og 20 (25) af erlendum uppruna. Útlendingum fækkaði á milli ára.

Tilkynningar um hvað sé á döfinni eru sendar reglulega til þjónustufulltrúa Reykjavíkurborgar. Virkniráðgjafar komu oft með skjólstæðingum sínum í Hlutverkasetur, til þess að kynna þeim þessa tegund virkniúrræðis. Líkt og undanfarin ár hafa einnig um 50% einstaklinga komið af eigin hvötum í kynningar. Átta einstaklingar koma að meðaltali í viku í kynningar.

Sylviane Lecoultre sinnir þeim einstaklingum af erlendum uppruna sem beint er til Hlutverkaseturs af félagsþjónustunni eða hafa komið á eigin vegum. Frá áramótum hefur hún haft samskipti við 22 (15) einstaklinga, átta (5) þeirra hafa fengið margvíslega ráðgjöf og aðra hefur hún aðstoðað með beinum hætti. Aðstoðin hefur falist í því að Sylviane gegnir starfi tengiliðar og er í samskiptum við eftirfarandi stofnanir: Vinnumálastofnun, Rauða kross Íslands, Félagsþjónustuna, Útlendingastofnun, lögfræðinga, vinnuveitendur og Ríkisskattstjóra. Á þann veg tengdi hún þá inn í tengslanet íslenskra stofnana. Hún hefur reynst Afríkubúum með frönsku sem tungumál sérstakur haukur í horni.

Fræðsla, ráðgjöf og jafningjastuðningur

Nokkur námskeið eru haldin í Hlutverkasetri reglulega eða af starfsmönnum Hlutverkaseturs í tengslum og samvinnu við önnur virkni- og geðúrræði á vegum LSH, Reykjavíkurborgar og félagasamtaka.

Mömmuleikni Helga Magnea Þorbjarnardóttir, iðjuþjálfari, á geðsviði Landsspítala stýrði Mömmuleikni námskeiðum tvisvar á árinu, apríl til maí og svo október til nóvember. Markhópur námskeiðsins eru mæður með geðrænan vanda. Námskeiðið miðar að því að efla mæður tveggja til fimm ára barna í tengslaeflandi nálgun. Þáttakendur mæta í sex skipti í hóptíma og fá að auki persónulegan stuðning s.s.viðtöl o.fl. á námskeiðistímanum. Þetta er fjórða árið í röð sem námskeiðið er haldið í Hlutverkasetri.

Mömmuleiknin var kynnt með tölvupósti og útprentuðum auglýsingum á geðdeildum Landspítalans, til FMB teymis Landspítalans (Foreldrar, Meðganga, Barn), Miðstöðvar foreldra og barna, Hlutverkasetri, Hugarafli, Félagsþjónustu Reykjavíkurborgar og Félagsþjónustu Kópavogs, Barnavernd sveitarfélaga höfuðborgarsvæðis, Tinnuverkefni Reykjavíkurborgar og geðsviði Reykjalundar. Á fyrra námskeiðinu voru flestar mæðurnar einstæðar með töluverð veikindi og áföll að baki. Tíu mömmur skráðu sig til leiks, sex mömmur mættu í flesta tímuna. Níu einkaviðtöl voru veitt á fyrra námskeiði, sem fimm mömmur nýttu sér. Góðar umræður og samkennd myndaðist í hópnum. Á seinna námskeiðinu voru einstæðar mæður í minnihluta, fleiri í sambúð, en allar með veikindi og áföll að baki. Sjö mömmur skráðu sig á námskeiðið, fjórar mömmur mættu reglulega. Tíu einkaviðtöl voru veitt á seinna námskeiðinu sem fjórar mömmur nýttu sér. Allar mömmurnar fengu hvatningu til að mæta

fyrir hvern tíma í gegnum tölvupóst, sms eða símtal. Í einkaviðtölum komu fram fleiri þarfir sem unnið var með í viðtölum sem og milli námskeiðstíma. Sömuleiðis var samstarf við meðferðaraðila í smráði við og að beiðni mæðrana.

Valdefling og réttindi fatlaðs fólks Fræðsla um valdeflingu og réttindi fatlaðs fólks samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna sá Bergþór G. Böðvarsson um. Fræðslan fór fram fyrir íbúa og starfsfólk á vegum Reykjavíkurborgar í íbúakjörnum á eftirfarandi stöðum; Dalbraut (6), Starengi (2), Austurbrún (7), Lindargata (7). Tölur í svigum vísa til fjölda þeirra sem mætti. Fræðsla og/eða aðstoð var veitt í gegnum síma (7).

Verkefni um atvinnuþátttöku og aðra samfélagsþátttöku

Störf hjá Reykjavíkurborg Tvö ár eru síðan samvinna hófst á milli Útrásar sem er atvinnutengt úrræði og Reykjavíkurborgar um að útvega einstaklingum í íbúakjörnum sem eru tengdir félagsþjónustu Háaleitisbrautar og Laugardals, störf við liðveislu innan borgarkerfisins. Verkefnið hefur ekki hlotið það brautargengi sem lagt var upp með í upphafi. Álitið var að fleiri nytu góðs af að fá vinnu við liðveislu og fleiri myndu fá liðveislu. Ýmis ljón hafa orðið í veginum, má þar nefna reglugerðir, skortur á sveigjanleika innan borgarkerfisins, svæðaskiptingu á milli hverfa, valdastrúktur þ.e. hver fari með endanlegt ákvörðunarvald svo að hægt sé að framkvæma hluti, skortur á fjármagni og ör starfsmannavelta.

Sjö fundir hafa verið haldnir sem tengjast atvinnuþátttöku íbúa um að gerast liðveitendur fyrir íbúa í öðrum kjörnum. Markmiðið með fundunum var að para saman einstaklinga sem voru að leita að vinnu sem liðveitandi með einstaklingi sem sótti um að fá liðveislu. Ákveðið verklag var innleitt árið 2017, sem fylgt var eftir í ár. Aðeins tveir hafa fengið atvinnu sem liðveitendur sem Útrásarverkefnið hefur fylgt eftir, handleitt og stutt reglulega frá því í vor.

Úttektir

Kynning á NsN verkefni frá 2017. Í febrúar var haldin kynning fyrir Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar. Kynnt var NsN skýrsla vegna úttektarinnar um margbreytileika í starfsmannahópi á sambýlum og búsetukjörnum fyrir fatlað fólk sem gerð var árið 2017. Kynningin var haldin í Ráðhúsi Reykjavíkur (10).

NsN úttekt 2018. Unnin var NsN úttekt í samstarfi við Geðjálp á búsetukjörnum Rvk. sem nefndist *Valdefling og mannréttindi*. Athugað var á hvern hátt íbúar væru valdeflir, hvort þeir þekktu réttindi fatlaðs fólks samkvæmt *Samningi sameinuðu þjóðanna* og hvort þeir hefðu huga á sjálfstæðari búsetu. Verkefnið byrjaði eftir áramótin og haldnir voru nokkrir fundir með tengiliðum í tengslum við áherslur og samstarf. Verkefnið var auglýst með kynningu á þremur kjörnum og í gegnum

tölvupóst til allra forstöðumanna. Verkefnið var einnig kynnt á sjö íbúafundum, en íbúar frá fimm íbúðakjörnum veittu viðtal. Þar bjuggu samtals 54 einstaklingar en 26 komu á íbúafundi þar sem verkefnið var kynnt. Af þeim sem fengu kynningu veittu 16 viðtal, tvær konur og 14 karlar. Meðalaldur þátttakenda var 44 ár, 30 til 60 ára. Íbúar höfðu búið að meðaltali í 7 ár, frá einu upp í 11 ár.

Helstu niðurstöður voru þær að ánægja með þjónustu Rvk. mældist almennt há, virkni einstaklinga var fjölbreytt og mældist einnig há. Lítil þekking var á hugtakinu valdefling og viðmælendur höfðu lítið sem ekkert hugað að mannréttindum sínum. Þá var einnig áberandi niðurstaða að viðmælendur huguðu ekki að sjálfstæðri búsetu í nánustu framtíð. Algengustu ástæðurnar sem viðmælendur nefndu voru óvissa með framtíðina og vangaveltur varðandi hátt leiguverð. Flestir viðmælendur voru sáttir með núverandi þjónustu og höfðu komið sér vel fyrir á sínum kjarna.

Vangaveltur sköpuðust út frá niðurstöðunum og framkvæmd könnunarinnar hvort of löng leið væri frá stefnu Rvk. sem kemur frá yfirmönnum og kjörnum fulltrúum, í framkvæmd þjónustunnar. Ein leið til að framfylgja stefnu Rvk. og hafa áhrif er að ráða fleir í starfsmenn með notendareynslu á hvern búsetukjarna. Sú leið er í takt við stefnu Rvk. að auka atvinnuþátttöku fólks með skerta starfsorku, innleiða valdeflingu og aukin mannréttindi út frá sýn og reynslu notenda.

Samningur við Vinnumálastofnun.

Samningurinn á milli Vinnumálastofnunar og Hlutverkaseturs hefur tvíþætt markmið. Í fyrsta lagi að aðstoða með sértækum endurhæfingaraðgerðum einstaklinga með geðraskanir til þess að komast út á vinnumarkað eða finna annað starf/hlutverk við hæfi t.d. með því að mennta sig frekar. Í öðru lagi stendur úrræðið einnig þeim til boða sem standa höllum fæti vegna skorts á grunnenntun eða annarri hæfni og hafa því færri atvinnutækifæri. Úrræðið hentar einnig þeim sem vilja auka lífsgæði sín og virkni t.d. langveikum. Samningurinn gildir til ársloka 2019.

Heildarfjöldi þeirra sem skráðir voru á vegum Vinnumálastofnunar s.l. ár var 152 (202) einstaklingar. Í hverjum mánuði komu 66 - 94 (57-117). Kynjahlutfallið var karlar 74 (115) en konur 78 (87) (tafla 1) og meðalaldur var 43 ár (40) (tafla 1).

Við komuna í Hlutverkasetur meta iðjubjálfar mismunandi þarfir hvers og eins. Einstaklingar sem þurfa lítinn sem engan stuðning tilheyrja fyrsta flokknum og svo eftir sem þörf á stuðningi eykst hækkar flokksnúmerið. Meirihluti þátttakenda í Hlutverkasetri voru í þjónustuflokki 2 - 4 (tafla 3).

Komur, aldur og kynjahlutfall


	2018	2017
Komur á ári	152	200
Komur á mánuði	66-94	117
Aldursdreifing	43	42
Karlar	74	100
Konur	78	100

Tafla 1

Aldursdreifing þátttakenda

Aldursdreifing	Fjöldi	%
18-29	30	19,7
30-39	38	25,0
40-49	33	21,7
50-59	33	21,7
60+	18	11,8
Alls	152	100

Tafla 2



Tafla 3

Þegar framfærsla er skoðuð eru flestir þátttakendur á örorkubótum og endurhæfingarlífeyri 75% (114), sjá töflu 4. Flestir þátttakendur koma frá Reykjavík 79% (120). Tafla 5 sýnir nánari búsetudreifingu þátttakenda. Helmingur þátttakenda kom að eigin frumkvæði, en öðrum var vísað til Hlutverkaseturs af fagaðilum eða af öðrum úrræðum.

Tilvísunaraðilar eru aðallega Geðsvið LSH, þjónustumiðstöðvar Rvk. og fagaðilar (40%), sjá töflu 6. Í töflu 7 má sjá hvernig samfélagsþátttaka þeirra sem hafa nýtt sér þjónustuna eykst. Veran leiðir yfirleitt til meiri virkni einstaklinga sem leiðir af sér meiri áhugahvöt og vilja til þátttöku úti í samfélaginu. Margir halda áfram að nýta sér Hlutverkasetur sem bakland. Töluverður fjöldi er einnig með eftirfylgd af starfsfólki Hlutverkaseturs til stuðnings við nám, atvinnuþátttöku, hjálparstörf o.fl. Afar ánægjulegt er að sjá þessa niðurstöðu af starfi Hlutverkaseturs.

Innkoma

Innkoma	Fjöldi	%
Atvinnaleyribætur	8	5
Örorkubætur	83	55
Endurhæfingarlífeyrir	31	20
Félagsstyrkur	3	2
Vinna	8	5
Óþekkt	13	9
Sjúkradagpeningar	6	4
Nemi	0	0
Samtals	152	100

Tafla 4

Búseta þátttakanda

Bæjarfélag	Fjöldi	%
Reykjavík	120	79
Kópavogur	12	8
Garðabær	1	1
Hafnarfjörður	8	5
Mosfellsbær	2	1
Seltjarnarnes	1	1
Reykjanesbær	2	1
Vogar	0	0
Annað	6	4
Alls	152	100

Tafla 5

Tilvísunaraðilar

Tilvísunaraðilar	Fjöldi	%
Rvk	10	7
LSH	27	18
VMST	3	2
Á eigin vegum	75	49
Önnur úrræði	12	8
Virk	2	1
Aðrir fagaðilar	23	15
Samtals	152	100

Tafla 6

Samfélagsþátttaka

Hvert	Fjöldi	%
Hlutverkasetur	95	63
Vinna	18	12
Nám	0	0
Önnur úrræði	39	26
Annað	0	0
Bið	0	0
Samtals	152	100

Tafla 7

Samstarf við önnur úrræði og félagasamtök

Hlutverkasetur er með samstarf við önnur bataúrræði og stofnanir til að þekking nýtist sem best á milli staða og til þess að meiri samfella sé í meðferð og stuðningi einstaklinga á milli úrræða. Eins hefur Hlutverkasetur tekið þátt í verkefnum sem hafa samfélagslegt gildi. Bergþór G. Böðvarsson vinnur bæði í Hlutverkasetri og Batamiðstöðinni LSH v/Klepp og hefur tekið að sér kennslu í Bataskólanum. Náíð samstarf er einnig við geðsvið LSH varðandi Mömmuleikni. Helga Magnea Þorbjarnardóttir, umsjónaraðili þeirra, starfar einnig þar. Hlutverkasetur tekur þátt í samstarfi góðgerðarsamtaka gegn matarsóun og fátækt sem *Samhjálp* heldur utan um. *Hjólað óháð aldri* er verkefni sem Sesselja Traustadóttir kom á fót. Í verkefninu er sérbúin hjól sem taka tvo farþega. Notendur Hlutverkaseturs fengu að prófa farkostinn sem vakti kátínu og gleði. Hlutverkasetur tók að venju þátt í árvissri undirskriftarsöfnun á vegum *Amnesty International* til að vekja athygli á mannréttindabrotum víða um heim. *Fjölmennt* var með sín árlegu námskeið í húskynnum Hlutverkaseturs.

Samstarf við geðsvið LSH. Iðjubjálfar á geðsviði LSH við Hringbraut koma reglulega með skjólstæðinga sína Hlutverkasetur í tengslum við námskeið á þeirra vegum. Batamiðstöðin á Kleppi kemur reglulega með skjólstæðinga í heimsókn. Skjólstæðingar Batamiðstöðvarinnar á Kleppi tóku einnig þátt í sjónsundi yfir sumartímann.

Samstarf milli geðræktarúrræða. Fulltrúar frá geðúrræðunum hittast á mánaðarlegum fundum sem kallast; *Samráð geðúrræðanna á stór Reykjavíkursvæðinu*. Tveir fulltrúar frá Hlutverkasetri eiga sæti í hópnum. Tveir félagar í Vin, koma einu sinni í viku og kenna taflmennsku.

Samstarf við Vinnumálastofnun. VMST aðstoðar við atvinnuleit og gerð vinnustaðasamninga og Hlutverkasetur sér um aðlögun og eftirfylgd á vinnustaðnum. Mánaðarlegir fundur hafa verið haldnir við fulltrúa VMST. Markmið með þessum fundum er að auka samstarf á milli staða og einnig til að ræða einstaklinga sem eru í starfsendurhæfingaferli hjá Útrás og eru reiðubúnir til atvinnuþátttöku.

Samstarf við Virk. Virk hefur stutt starfsemi Hlutverkaseturs með styrkjum síðast liðin tvö ár. Hlutverkasetur hefur aðallega nýst skjólstæðingum sem eru að bíða eftir þjónustu hjá Virk eða öðrum úrræðum á þeirra vegum. Þegar endurhæfingaferli VIRK er komið á slitna tengslin oftast, sem þarf að breyta.

Samstarf við Leiksmiðjuna Frigg. Trausti Ólafsson hefur boðið upp á vinnustofur í psykodrama frá stofnun Hlutverkaseturs. Hann tengist nú starfsemi Leiksmiðjunnar Friggjar í Garðabæ. Á árunum 2017 og 2018 hafa skjólstæðingar Hlutverkaseturs sótt ýmsar vinnustofur í leiklist sem haldnar voru á vegum Leiksmiðjunnar. Vinnustofurnar voru af ýmsu tagi; Örgötuleikhús á Garðatorgi, spunavinnustofur, leikhús í anda Antonins Artaud og leiklist til sjálfsræktar. Þátttaka skjólstæðinga Hlutverkaseturs var mismikill í þessum gjörningum, en tveir til átta tóku þátt að jafnaði. Fjórir notendur tengjast nú reglulega starfsemi þar og hafa mætt á námskeið og tekið þátt.

Samstarf við Rebella Filmworks og Klipp. Ásthildur Kjartansdóttir og Anna Þóra Steindórsdóttir hafa verið að gera heimildarmynd sl. tvö ár, þar sem leiklistarhópur Hlutverkaseturs kemur við sögu. Þær fylgdu t.d. hópnum til Bratislava, árið 2016. Stiklunni *Acting on a Dream* frá ferðinni er lokið og styrkumsókn er í ferli til að klára myndina að fullu.

Kynningarmál og fjölmiðlaumfjöllun

Geðheilbrigðismál voru oft í brennidepli á árinu. Bergþór G. Böðvarson var þar í lykilhlutverki. Í júní var hann valinn Reykjavíkur ársins fyrir að vera öðrum hvatning og fyrirmynd vegna starfa hans við FC Sækó fótboldaliðið. Í umfjöllun kom fram að hann hafði á jákvæðan hátt náð að tengja saman ólíka hópa fólks, sem hafa annars sjaldan tækifæri til að hittast. FC Sækó er gott

dæmi um hvernig auka má félagsauð og ryðja burt fordómum. Í kjölfarið á viðurkenningunni fyrir besta grasrótarverkefni UEFA og vera valin Reykvíkingur ársins fékk Bergþór góða umfjöllun í fjölmiðlum, ljósvakamiðlum jafnt sem og vefmiðlum. Einnig var ítarlegt viðtal tekið við Bergþór í umfjöllun Morgunblaðsins um geðheilbrigðismál og annan einstakling innan Hlutverkaseturs.

Málið er á Rás 1, í umsjá Víktóríu Hermannsdóttur var klukkutíma þáttur þar sem tekin voru viðtöl við skjólstaðinga og starfsfólks Hlutverkaseturs. Hann var endurtekinn nokkrum sinnum og vakti jákvæða og góða athygli.

Elín Ebba Ásmundsdóttir var gestur í *Sunnudagssögum* í umsjón Hrafnhildar Halldórsdóttur á Rás 2. Hún fór einnig í viðtal hjá Maríu Pálsdóttur í *N4* í tengslum við Málþing um geðheilbrigði, sem haldið var í HA. Einnig var viðtal við hana í *Morgunblaðinu* sem fjallaði um hvernig umhverfið hefur áhrif á heilsu og vellíðan. Elín Ebba fór í viðtal; *Annað Ísland* í umsjón Gunnars Smára Egilssonar og Sigurjóns Más Egilssonar í Útvarpi Sögu; þar sem rætt var um valdeflingu.

Nefndarstörf og þátttaka á málþingum og ráðstefnum

Ágústa Ísleifsdóttir var fulltrúi í *Samráðsvettvangi geðúrræðanna* á höfuðborgarsvæðinu, sat fundi í heilbrigðisráðuneytinu sem notendafulltrúi í tveimur nefndum og fór á málþing á vegum Geðhjálpar og Virk um áföll og geðheilbrigði kvenna sem bar heitið; *Þegar kona brotnar*.

Bergþór G. Böðvarsson sat í stjórn *Geðhjálpar*, í stjórn FC Sækó og átti sæti í tveimur nefndum; *Sjálfstætt líf* á vegum ÖBÍ og nefnd á vegum *Velferðarvaktarinnar*. Hann var jafningjafræðari í *Bataskóla Íslands* á námskeiði; *Aukin virkni til náms starfs eða sjálfboðaliðastarfs*. Hann sótti málþing Geðhjálpar; *Vatnaskil*, í tengslum við alþjóðadag forvarna gegn sjálfsvígum og málþing á vegum ÖBÍ; *Er gætt að geðheilbrigði?*

Elín Ebba Ásmundsdóttir var fulltrúi ásamt Ágústu Ísleifsdóttur í *Samráðsvettvangi geðúrræðanna* á höfuðborgarsvæðinu og sat fundi á vegum þeirra í Heilbrigðisráðuneytinu. Hún hélt erindi á málþingi sem haldið var af Grófinni geðverndarmiðstöð, HA., Akureyrarbæ og Sjúkrahúsi Akureyrar; *Kadilakkinn í geðþjónustu, hvernig viljum við hafa hann*. Hún sat málþing á vegum Iðjuþjálfafélags Íslands sem Evan Dean hélt; *Supporting Participation through self-determination and career development of young adults with autism* og sat málþing á vegum Íslenskrar erfðargreiningar og HÍ sem kynnti rannsóknarverkefnið um *Áfallasögur kvenna*.

Pólítíkin tekin á beinið var fundur á vegum Samráðsvettvangs geðúrræðanna í tengslum við borgarstjórnar kosningarnar. Hún fór í tvö viðtöl í heilbrigðis-, félags- og í jafnréttismálaráðuneytinu í tengslum við geðheilbrigði og atvinnuþátttöku. Hún sat fræðslufund með Stephanie

Saenger, formanni Evrópusamtaka iðjubjálfa COTEC; *Markaðsetning iðjubjálfafagsins*. Hún sat ráðstefnu á vegum Virk í Hörpu; *Aukin þátttaka – betri samfélag*, málþing á vegum geðsviðs LSH um *Sjálfsvígsforvarnir*, þar sem Lars Mehlum var aðalfyrirlesarinn og sótti fræðslufund á vegum Reykjavíkurakademíunnar sem tengdist Evrópuverkefninu *Heroes' Journey*.

Á haustmánuðum tók hún að sér stundakennslu í geðheilbrigði fyrir iðju-, hjúkrunar-og lögreglufræðinema HA., sat málþingi í Laugadalshöll á vegum *Spirit of Humanity forum; Umhyggja á umbrotatímum* og sat fyrirlestur í fötlunarfræði HÍ; *Fötlun í háskólasamfélaginu, Menning, undirokun og andhóf* sem Liat Ven-Moshe hélt. Hún sótti ráðstefnu í Þrándheimi; *Open dialogs nettverksmötur* og sat fundi með fulltrúum *Bruker spör brukar* og fulltrúum *Open dialogs/nettverksmötur* aðferðarinnar á St. Olavs hospital. Hún hélt erindi; *Bruker spörr Brukar overfört til Island* fyrir starfsfólk Kim sentret sem er notendastýrt endurhæfingarúrræði í Noregi.

Helga Ólafsdóttir og Elín Ebba Ásmundsdóttir sóttu málþing á vegum *Snjallræðis* um samfélagslega nýsköpun. Þar kom í ljós að Hlutverkasetur á samleið með *Berginu*, sem verður meðferðarhús fyrir ungt fólk í vanda og *Akkerinu* samfélagshúsi sem ætlað er að tengja saman íslenskt samfélag og fólk af erlendum uppruna á skapandi hátt. Þær fóru á fyrirlestur á vegum hugleiðslumiðstöðvarinnar Lótus Húss; *Being the Change*, þar sem Jayanti Kirpalani tók fyrir mikilvægi umhverfisþátta á heilsu og vellíðan.

Helga Magnea Þorbjarnardóttir kynnti *Mömmuleiknina* fyrir starfsfólki Tinnu verkefnisins hjá Rvk. fyrir ungar mæður á fjárhagsaðstoð. Í framhaldinu var hún með örnámskeið í *Mömmuleikni* hjá þeim. Hún hélt námskeið um tengslamyndun fyrir starfsfólk Laugarás-meðferðargeðdeildar fyrir ungt fólk með geðrofssjúkdóma.

Sylviane Lecoulre skrifaði grein í Kvennablaðið; *Að bera virðingu fyrir lífinu og dauðanum – um dánaraðstoð*. Hún sat í stjórn *Geðhjálpar*, stjórn ÖBÍ og í stjórn *Lífsvirðingar*. Hún tók þátt í málþingum á vegum Endurmenntunar HÍ. og *Lífsvirðingar; Dánaraðstoð og líknarmeðferð - algjörar andstæður eða órófa heild* og *Dauðinn Óumflýjanlegt stefnumót*. Hún sat kynningarfundum á vegum Velferðaráðuneytisins, sat í atvinnu- og menntamálanefnd á vegum ÖBÍ um starfsgetumat og sat fundi vegna notendastarfa geðheilsuteyma á vegum heilsugæslunnar. Hún sótti málþing á vegum *Geðhjálpar; Vatnaskil* og um *Kvíða og áhrif hans á daglegt líf: Nýtt sjónarhorn í geðheilbrigðismálum*. Sylviane Lecoulre og Elín Ebba Ásmundsdóttir voru fulltrúar í kynningarátaki velferðarsviðs Rvk. og mættu á fundi í tengslum við undirbúning og framkvæmd verkefnisins. Þær sóttu fræðslufundi *Geðhjálpar; Kynferðislegt ofbeldi í æsku*, afleiðingar og heildræn meðferðarúrræði og í samstarfi við Virk; *Þegar kona brotnar*, um konur, geðræna erfiðleika og leiðir til lausna. Þær mættu á ársfund VMST sem fjallaði um *Framtíðarfærnisþár og þróun*

*vinnumarkaðar. Þær sóttu málþing í tilefni af Alþjóða forvarnardegi sjálfsvíga Stöndum saman gegn sjálfsvígum haldið í DeCODE. Þær voru þátttakendur í Listasafni Reykjavíkur í tengslum við *Út með það*, forvarnarverkefni gegn sjálfsvígum, vegna útgáfu á sérstökum peysum. Þær sátu málþing Geðhjálpar og Geðverndarfélags Íslands; *Dulin áhrif erfiðrar reynslu í æsku á heilsufar á fullorðinsárum* og tóku einnig þátt í fræðslukvöldi; *Batasögur* þar sem notendur deildu reynslu sinni. Þær fóru á vegum Rannsóknarseturs í fötlunarfræði, fangelsismálastofnunarinnar og Geðhjálpar á málþing; *Fötlun og innilokun - Hvernig tengjast sólarhringsstofnanir og fangelsi?* Þær sóttu tveggja daga málþing og vinnudaga á vegum Velferðarráðuneytsins og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, sem bar nafnið *Tímamót í velferðarþjónustu*. Þær sátu málþing í desember í tengslum við Hvatningarverðlaun ÖBI.*

Endurmenntun

Rík áhersla er lögð á að starfsfólk Hlutverkaseturs sinni endurmenntun með ýmsum hætti.

Ágústa Ísleifsdóttir fór á námskeið á vegum Geðhjálpar; *Mannréttindamiðuð geðheilbrigðisþjónusta*, Dr. Fiona Morrissey stýrði námskeiðinu.

Andri Vilbergsson fór á þjálfaranámskeið í Danmörku, á vegum KSÍ.

Anna Henriksdóttir sótti leikhústengt kvöldnámskeið hjá Endurmenntun HÍ. Hún hélt áfram að mennta sig frekar í olíumálun með því að sækja námskeið hjá Myndlistarskóla í Kópavogs; í módelmálun og til að læra af gömlu meisturunum, í umsjón Stephen L. Steppens.

Bergþór Grétar Böðvarsson fór á þjálfunarnámskeið hjá KSÍ.

Elín Ebba Ásmundsdóttir fór á námskeið á vegum Geðhjálpar og Velferðarsviðs Rvk. í samvinnu við WHO og Dr. Fiona Morrissey stýrði; *Mannréttindamiðuð geðheilbrigðisþjónusta*. Námskeiðið sóttu m.a. forstöðumenn búsetukjarna, fulltrúar hagsmunasamtaka og ráðuneyta.

María Gísladóttir fór á námskeið í módelteikningu hjá Derek K. Mundell í Myndlistaskóla Kópavogs. Hún tók þátt í því að endurhanna heimasíðu Hlutverkaseturs ásamt Páli Svanssyni.

Helga Ólafsdóttir fór á námskeið á vegum Persónuverndar þar sem nýju persónuverndarlögin voru kynnt. Í framhaldinu var stefna Hlutverkaseturs um persónuvernd mótuð í kjölfar nýrra laga um persónuverndarmál.

Þakkir stjórnar

Árni Gunnarsson hætti í stjórn eftir 13 ára stjórnarsetu á ársfundu félagsins. Framlag Árna verður seint þakkað en hann hefur verið í stjórn félagsins frá stofnun þess. Stjórn Hlutverkaseturs þakkar Árna fyrir afar gott samstarf og óskar honum velfarnaðar. Sæti hans í stjórn tók Þór Sigfússon, framkvæmdarstjóri Sjávarklasans. Þór þekkir starfsemi Hlutverkaseturs og

studdi stofnun þess á sínum tíma. Hann tók þátt í fyrstu verkefnunum sem tengdust m.a. geðrækt og forvörnum á vinnustöðum.

Stjórn Hlutverkasturs vill þakka frábæru starfsfólki, sjálfboðaliðum, þátttakendum, styrktaraðilum, samnings- og samstarfsaðilum og þeim sem boðið hafa þátttakendum Hlutverkaseturs á ýmsa listviðburði, fyrir þeirra góða starf og framlag á árinu 2018. Stjórnin lýsir yfir ánægju sinni og sérstaks þakklætis til Bergmáls, líknar- og vinarfélags og Samhjálpur fyrir að styðja aftur við hina árlegu sumarbústaðferð sem er starfsfólki og notendum Hlutverkaseturs mikilvæg.

Bergþóri G. Böðvarssyni er sérstaklega þakkað fyrir hans framlag í gegnum árin. Hann hefur verið ötull talsmaður geðsjúkra og góð fyrirmynd. Stjórnin vill óska honum til hamingju með að hafa verið valinn Reykvíkingur ársins en að auki hlotnaðist, eins og áður hefur komið fram, fótboltafélaginu FC Sækó sá heiður að vera valið *Besta grasrótarverkefnið* ársins af UEFA. Verkefni sem Bergþór kom á fót og hefur hlúð að síðastliðin ár. Gerð var heimildarmynd um FC Sækó, sem er ekki bara dýrmæt kynning á starfinu heldur mikilvægt innlegg varðandi forvarnir.

Þá ber að þakka sérstaklega nokkrum hollvinum Hlutverkaseturs, s.s. Soroptimistakonum í Reykjavík sem styrktu námskeiðið *Mömmuleikni* enn eitt árið. Elísu Rún Þorsteinsdóttur er þakkað sérstaklega fyrir hennar framlag sem fólst í því að teikna einstaklega skemmtilega myndasögu um starfsemi Hlutverkaseturs sem nýtist jafnt fyrir netmiðla sem og prentefni í kynningarskyni. Eins þakkar stjórnin þeim fyrirtækjum sem hafa gefið skjólstæðingum Hlutverkaseturs tækifæri til að aðlagast vinnumarkaðnum smátt og smátt, með því að veita þeim hlutastörf og ný tækifæri á vinnumarkaðnum.

Í þeim hröðu samfélagsbreytingum sem við nú upplifum er það enn mikilvægara en áður að Hlutverkasetur verði stutt í því markmiði sínu að sporna gegn félagslegri einangrun og einsemd, sem eru helstu áhættuþættir heilsu og velferðar fólks í nútímasamfélagi.

Fyrir hönd stjórnar Hlutverkaseturs,

Sæunn Stefánsdóttir, formaður stjórnar